

Umsjónarkennari - starfslýsing

Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn lykilpersóna. Hann er sá aðili sem þekkir nemendur öðrum fremur og getur veitt þeim þann stuðning og aðhald sem þurfa þykir. Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn einnig tengiliður heimilis og skóla. Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að hlutast til um andlega og líkamlega velferð nemenda sinna í samvinnu við foreldra eftir þörfum.

Umsjónarkennarar ræða við nemendur sína og fjalla almennt um þau mál sem snúa að vinnu, umgengnisreglum auk mála sem upp kunna að koma í einstökum bekkjardeildum.

Um sjónarkennarinn hefur samband við foreldra/forráðamenn svo oft sem þurfa þykir. Hann skal t.d. hafa samband við foreldra/forráðamenn ef umsjónarnemendur hans gleyma bókum, sinna ekki heimanámi, sýna af sér ókurteisi eða vítaverða framkomu, leggja aðra nemendur í einelti, skrópa eða koma oft seint í kennslustundir. Einnig er mikilvægt að umsjónarkennarinn hafi samband þegar vel gengur. Gott samstarf við heimili tryggir góða skólagöngu nemenda og þá þarf líka að halda góðu atriðunum á lof

Viðtalstímar umsjónarkennara eru auglýstir á heimasíðu skólans. Forráðamenn eru hvattir til að hafa samband við viðkomandi umsjónarkennara svo oft sem þurfa þykir.

Umsjónarkennari:

- Hefur umsjón með sínum umsjónarbekk.
- Fylgist með námi og þroska allra nemenda sinna og leitast við að skapa kennsluáðstæður sem eru hvetjandi til náms, vinnusemi og þroska.
- Fylgist með samskiptum nemenda sinna innbyrðis og grípur strax inn ef minnsti grunur leikur á einelti og fylgir þá vinnuferli eineltisáætlunar.
- Hefur samband við forráðamenn eftir þörfum.
- Vinnur náið með öðrum umsjónarkennurum í árganginum ásamt öðrum kennurum umsjónanemenda sinna. Vinnur einnig með öðrum kennurum stigsins eftir því sem við á.
- Situr kennara- og árgangafundi og aðra þá fundi sem skólastjórnin felur honum.
- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá og ýmiss konar áætlunum innan skólans.
- Tekur við og leitar eftir upplýsingum um hegðun, námsframvindu o.fl. hjá sérgreinakennurum og öðrum upplýsingum sem þeir þurfa að koma á framfæri.
- Færir einkunnir og umsagnir inn í Mentor.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart námsaðstoð og sérkennslu

- Ber ábyrgð á öllum nemendum úr umsjónarbekknum.
- Er í samstarfi við deildarstjóra sérkennslu um nemendur sem þurfa sérkennslu.
- Gerir einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur sem þess þurfa með aðstoð deildarstjóra sérkennslu.
- Situr í þjónustuteymi fyrir umsjónarnemendur þegar við á.
- Undirbýr tilvísanir í samráði við deildarstjóra sérkennslu.
- Sér um að nemendur hafi námsefni við hæfi í samráði við deildarstjóra sérkennslu.
- Sér um að gera samninga við forráðamenn ef kemur til þess að námi nemanda sé frestað í einstökum námsgreinum í samráði við deildarstjóra sérkennslu.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart félagslífi og vettvangsferðum nemenda

- Hefur umsjón með og fer í vettvangsferðir í samráði við aðra kennara í árganginum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd ýmisskonar skemmtidagskrár síns bekkjar.
- Hefur umsjón með bekkjarkvöldum og sér um annað félagslíf með nemendum innan skólans

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart agavandamálum sem upp koma

- Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftast einslega við viðkomandi nemanda.
- Beri það ekki árangur, hefur umsjónarkennarinn samband við forráðamenn og er það skráð í dagbók viðkomandi nemanda í Mentor.

Bæti nemandinn sig ekki, boðar umsjónarkennari bæði forráðamenn og nemanda í viðtal. Niðurstöður þess eru skráðar í dagbók nemandans og einnig hverjir mættu á fundinn. Á þessu stigi málsins má leita aðstoðar námsráðgjafa eða annarra sem að liði gætu orðið. Komi enn í ljós að misbrestur er á að nemandinn sinni námi sínu, er máli hans vísað til skólastjóra.